



Alþingi
umhverfisnefnd Alþingis
v/Austurvöll
150 Reykjavík

12. mars 2002
004. TB

Efni: Frumvarp til laga um verndun hafs og stranda

Vísað er í bréf frá umhverfisnefnd Alþingis, dags. 27. febrúar sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúruverndar ríkisins um frumvarp til laga um verndun hafs og stranda, 492. mál, heildarlög.

Náttúruvernd ríkisins telur framkomið frumvarp mjög til bóta og ætti það að gera mengunarvarnir í hafi og við strönd markvissari og árangursríkari. Stofnunin gerir eftirfarandi athugasemdir:

1. Í 1. gr. segir "...eða trufla lögmæta nýtingu hafs og stranda." Náttúruvernd ríkisins telur mjög óljóst hvað er átt við með að "trufla" nýtingu. Mun eðlilegra er að nota áfram sögnina að skaða. Þ.e. aðeða skaðað lögmæta nýtingu hafs og stranda.
2. Varðandi skilgreiningu í 3. gr. 7. lið á "losun" er svolítið óljóst hvers vegna þarf að undanskilja ákveðna "losun" efna ef hún er á annað borð í samræmi við lög og reglugerðir sem gilda um viðkomandi starfsemi. Náttúruvernd ríkisins telur vafasamt að undanskilja t.d. eins og í b lið 7. liðar öll úrgangsefni eða önnur efni sem beinlínis stafa frá rannsóknum eða nýtingu jarðefna í eða á hafsbotni. Hér er væntanlega átt við efni sem eru tilkomin af "náttúrulegum" ástæðum og berast út í umhverfið vegna nýtingarinnar en ekki efni sem koma utan frá og eru notuð við vinnsluna. Ef efnin sem eru losuð eru skaðleg hlýtur að þurfa að endurskoða vinnsluáferðir til að gæta jafnræðis og lífríkis sjávar.
3. Náttúruvernd ríkisins telur að leggja verði áherslu á að skrásetja, sbr. lið o í 6. gr. frumvarpsins, og kanna náttúrufar strandsvæða. Meta þarf mikilvægi og verndargildi einstakra strandsvæða út frá náttúrufarþáttum og annarri nýtingu svo sem útivist og veiðum. Kortleggja þau í stórum mælikvarða (1:10.000; 1:25.000) og meta hversu viðkvæm svæðin eru gagnvart megnun (Environmental sensitivity index map). Kortlagning af þessu tagi mun hjálpa til við að ákveða hvar á að bregðast fyrst við mengunaróhöppum og hefta útbreiðslu mengunar. Hafa þarf sem flestar upplýsingar t.d. um veður, strauma, dýralíf, gróður, landslag og fjörugerð (sandströnd, björg, þangfjörur o.s.frv.), áhrif flóða og fjöru, athafnir manna (útivist, hafnir, verksmiðjur o.fl.), aðkomu að ströndinni (vegir) o.s.frv. Þetta er nauðsynlegt til að þeir sem vinna við að hefta útbreiðslu mengunar geti strax áttað sig á bæði staðhættum og náttúrufari. Þar sem mengunaróhöpp eru mun líklegri á sumum stöðum en öðrum er rétt að byrja slíka kortlagningu þar sem hættan er mest á óhöppum t.d. á Reykjanesi, Faxaflóa og þar sem skipaumferð er mikil.

Virðingarfyllt,

Trausti Baldursson

NÁTTÚRUVERND RÍKISINS / NATURE CONSERVATION AGENCY

SKÚLAGATA 21, 101 REYKJAVÍK, ÍSLAND

SÍMI / PHONE: (+354) 570 7400 FAX: (+354) 570 7401 NETFANG: nattuvernd@nattuvernd.is

HEIMASÍÐA: <http://www.nattuvernd.is> KENNITALA: 441096-2409

Náttúruvernd ríkisins